

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 52/2014

052-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 909/2013 frá 10. september 2013 um tækniforskriftir fyrir rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum (ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir) sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/49/ESB frá 11. október 2013 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB):
„– **32013 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/49/ESB frá 11. október 2013 (Stjtið. ESB L 272, 12.10.2013, bls. 41).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 47a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB):
„47aa. **32013 L 0049**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/49/ESB frá 11. október 2013 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. ESB L 272, 12.10.2013, bls. 41).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 49ad (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 164/2010):
„49ae. **32013 R 0909**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 909/2013 frá 10. september 2013 um tækniforskriftir fyrir rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi fyrir siglingar á skipgengum vatnaleiðum (ECDIS-kerfi fyrir skipgengar vatnaleiðir) sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB (Stjtið. ESB L 258, 28.9.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 909/2013 og tilskipunar 2013/49/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 258, 28.9.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 272, 12.10.2013, bls. 41.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.